

Reykjavík, 1. júní 2021

## Efni: Álagning virðisaukaskatts

Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skal virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skila eigi síðar en á fimmta degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Í 1. mgr. 25. gr. laganna segir að ríkisskattstjóri skuli ákvarða virðisaukaskatt skráðs aðila á hverju uppgjörstímabili og í 2. mgr. sömu greinar segir að ríkisskattstjóri skuli áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant.

Framangreindar áætlanir í virðisaukaskatti, þ.e. álagning virðisaukaskatts, hafa hingað til verið framkvæmdar tveimur vikum eftir gjalddaga. Ríkisskattstjóri hefur nú ákveðið að stytta þann tíma um eina viku og tekur breytingin gildi á gjalddaga uppgjörstímabilsins júlí-ágúst 2021 þann 5. október 2021 og mun álagning því verða framkvæmd þann 12. október 2021 vegna hvorutveggja almennra tveggja mánaða skila og almennra mánaðarskila fyrir uppgjörstímabilið ágúst 2021. Hið sama mun gilda um önnur uppgjörstímabil ársins 2021 sem á eftir koma. Frá og með 1. janúar 2022 verður álagning virðisaukaskatts færð enn framur en þá verður hún framkvæmd daginn eftir gjalddaga vegna allra uppgjörstímabila frá þeim tíma. Ekki skiptir þar máli hvaða tímabil aðilar nota sem uppgjörstímabil.

Í 27. gr. B laga nr. 50/1988 er kveðið á um að ef virðisaukaskattsskýrsla berst eftir að aðili hefur sætt áætlun, sbr. framangreint, skuli ríkisskattstjóri leggja á hann gjald að fjárhæð kr. 5.000 fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma. Af öllu framangreindu leiðir að minna svigrúm verður til staðar til að skila skýrslu eftir gjalddaga án þess að á verði lagt framangreint gjald að fjárhæð kr. 5.000 á hverja skýrslu sem berst eftir lok skilafrests.

Nánari upplýsingar um skil á virðisaukaskatti má finna á heimasíðu embættisins, <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/virdisaukaskattur/uppgjor-og-skil/> en einnig má hafa samband við upplýsingaver Skattsins í síma 442-1000.

Virðingarfyllt  
Ríkisskattstjóri